

TILLAGA

að starfsreglum um breyting á starfsreglum um
skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum
(Lagt fyrir 57. kirkjuþing 2018)

Flutt af: Stefáni Magnússyni

Frsm: Stefán Magnússon

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Vesturlandsprófastsdæmi:

Saurbæjarprestakall er lagt niður. Innra-Hólms, Leirár- og Saurbæjarsóknir tilheyra eftirleiðis Garðaprestakalli. Garðaprestakall nefnist Garða- og Hvalfjarðarstrandarprestakall.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi 30. nóvember 2018.

Athugasemdir við tillögu þessa

Hér á eftir fara athugasemdir við tillögu þessa um afnám búsetuskyldu á prestssetrinu Saurbæ og niðurlagningu þess sem prestsseturs. Ein meginástæða þess að tillaga þessi er flutt á þessu kirkjuþingi, er sú að mjög miklir fjárhagslegir hagsmunir eru í húfi ef ekkert er að gert. Nánar tiltekið er um að ræða útlagðan viðbótarkostnað kirkjumálasjóðs að fjárhæð tæplega fimm milljónir króna á ári, vegna stöðu mála. Með vísan til rökstuðnings biskupafundar fyrir stærri prestaköllum, sbr. fylgiskjal með bréfi biskupafundar til sóknarnefnda, sóknarpresta og héraðsfundar Vesturlandsprófastsdæmis, dags. 20. júlí 2018, á kirkjuleg þjónusta að eflast og batna og ekki síður starfsumhverfi prestsins. Bréf þetta ásamt fskj. fylgir máli þessu. Presturinn mun starfa í teymi með öðrum prestum í stað einyrkjabúskapar. Einnig mun starfsálag jafnast með þessari breytingu. Í dag þjóna tveir prestar Garðaprestakalli, þar sem 7.262 búa, en einn prestur þjónar Saurbæjarprestakalli þar sem 621 manns búa. Við þessa breytingu mun þriggja presta teymi þjóna samtals 7.883 íbúum.

I. Ástand mála í prestssetrinu í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd og afleiðingar þess.

Undanfarin ár hafa umfangsmiklar og mjög kostnaðarsamar viðgerðir farið fram á prestsbústað Saurbæjarprestakalls, Vesturlandsprófastsdæmi, í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd vegna raka og myglu, samkvæmt ráðgjöf verkfræðistofu. Mat sóknarprests er að þær viðgerðir sem þegar hafa farið fram séu ófullnægjandi og að prestsbústaðurinn sé enn heilsuspillandi. Staða mála í dag er sú að sóknarprestur er fluttur í húsnæði á eigin vegum, með tímabundnu leyfi biskups Íslands. Þessi staða mála er með öllu óviðunandi ekki hvað síst fyrir sóknarprestinn sem þarf að búa við þessa óvissu og óþægindi án vitneskju um hvað við tekur. Prestum er skylt samkvæmt lögum að hafa aðsetur og lögheimili á prestssetri þar sem þau eru

lögð til, nema biskup heimili annað um stundarsakir eins og hér hefur verið gert. Felst einnig í þessu ástandi mikill aukakostnaður þar sem bæði þarf að greiða sóknarprestinum húsaleigu fyrir bráðabirgðahúsnæði en einnig viðbótaraksturskostnað. Því kemur ekkert annað til greina í stöðunni en að aflétta búsetuskyldu endanlega af sóknarprestinum og greiða þannig úr því óvissuástandi sem ríkir í Saurbæ.

Gengið er út frá því að hlutaðeigandi sóknarpresti verði áfram tryggt prestsembætti á því svæði sem Saurbæjarprestakall nær til, með því að fá skipun sem prestur í hinu stækkaða prestakalli.

II. Samræmi við tillögur biskupafundar 2018 um sameiningu prestakalla á landsvísu

Skipulag prestsþjónustunnar í Garða- og Saurbæjarprestaköllum hefur áður verið rætt á kirkjuþingi.

Á kirkjuþingi 2012 var lögð fram tillaga um sameiningu Garða- og Saurbæjarprestakalla og aftur á kirkjuþingi 2013 með umsögnum aðila heima í héraði. Tillagan á þinginu 2013 var dregin til baka. Sjá fylgiskjöl.

Á biskupafundi 2018 voru síðan sams konar tillögur enn á ný kynntar. Er það svo að biskupafundur hefur kynnt tillögu um sameiningu prestakalla um land allt, m.a. í Vesturlandsprófastsdæmi, sbr. áður nefnt bréf til sókna, vígðra þjóna og héraðsnefndar Vesturlandsprófastsdæmis, dags. 20. júlí 2018. Þar er m.a. lagt til að Saurbæjarprestakall sameinist Garðaprestakalli. Var skjal þar að lútandi lagt fram til umræðu á aukahéraðsfundi í Vesturlandsprófastsdæmi þann 10. september sl. og liggur fyrir umsögn auka héraðsfundar Vesturlandsprófastsdæmis frá þeim fundi. Tillaga þessi er í samræmi við þá framtíðarsýn biskupafundar um sameiningu prestakalla á landsvísu sem fram kemur í fylgiskjali því sem áður er nefnt en þar er einmitt sú eðlilega sýn sett fram að Garða- og Saurbæjarprestaköll verði að einu prestakalli með þremur prestum. Það sem þessi tillaga sem nú er flutt felur í sér fyrst og fremst er að tillögu biskupafundar er hrint í framkvæmd strax vegna þeirra sérstöku og kostnaðarsömu aðstæðna í Saurbæjarprestakalli sem fyrr er sagt frá. Þá er tryggt að þeir prestar þjóni svæðinu eins og biskupafundur leggur til. Eina frávikið frá tillögu biskupafundar er að afnumin er búsetuskylda í Saurbæ og þar með skylda til að leggja til prestssetur í Saurbæ sömuleiðis.

III. Málsmeðferðin

Eina leiðin til að leggja niður prestssetrið í Saurbæ niður er að leggja Saurbæjarprestakall niður. Sjá meðf. lögfræðialit Markarinnar, lögmannsstofu, dags. 14. nóvember 2013, um þetta álitamál. Í álitinu kemur fram að ekki sé unnt að skerða hlunnindi öðruvísi en svo að það taki gildi við lok skipunartíma hlutaðeigandi og að tilkynnt sé um það með a.m.k. átta mánaða fyrirvara. Í þessu tilviki er um að ræða ótímabundna skipun í embætti og mörg ár í starfslok ef miðað er við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, 33. grein þeirra. Er því ekki hægt að breyta stöðu mála öðru vísi en með þeim hætti að leggja prestakallið niður. Hvað svo sem gert verður er ljóst að fjárhagsstaða kirkjumálasjóðs er þröng og leyfir ekki meiri fjárfestingar vegna prestsþjónustu fyrir tiltölulega fá sóknarbörn. Verði tillagan samþykkt þarf að segja afnotum sóknarprestisins af prestssetursjörðinni Saurbæ upp þannig að jörðinni sé skilað jarðareiganda, kirkjumálasjóði, á fardögum að vori 2019. Er vísað til 35. gr. ábúðarlaga nr. 80/2004, sem er svo hljóðandi:

„Ótímabundinn samningur um ábúð er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila. Uppsögn skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti. Uppsögn skal fara fram fyrir áramót og taka gildi í næstu fardögum nema um annað sé samið.“

Einnig er vísað til 2. máls. 1. mgr. 12. gr. starfsreglna um prestssetur og aðrar fasteignir kirkjunnar nr. 950/2009, sem er svo hljóðandi:

„Kirkjuráð fer með stjórn prestssetursjarða gagnvart prestum á prestssetursjörðum samkvæmt ábúðarlögum eftir því sem við getur átt og gegnir hlutverki leigusala gagnvart presti í prestsbústað með þeim afbrigðum sem leiðir af sérstöðu prestssetra.“

Eins og áður segir var framtíðarsýn biskupafundar 2018 um sameiningu prestakalla send sóknum, vígðum þjónum og héraðsnefnd Vesturlandsprófastsdæmis þann 20. júlí 2018 og fjallað um hana á auka héraðsfundi þann 10. september 2018. Umsögn héraðsfundarins fylgir með máli þessu.

Þá var aflað umsagna úr héraði árið 2013 eins og áður hefur komið fram. Bent skal á að búið er að mæta því sem fram kemur í umsögn Akranessóknar með því að leggja söfnuðinum til embætti prests.

Hvað varðar umsögn safnaðanna í Saurbæjarprestakalli og aukahéraðsfundar Vesturlandsprófastsdæmis frá 2013, þá hafa forsendur breyst. Einkum er um að ræða þann mikla kostnað sem fyrirsjáanlegur er ef halda á áfram viðhaldsframkvæmdum í Saurbæ. Nú hefur verið bætt við embætti prests í Akranessókn. Gert er ráð fyrir að biskup Íslands skipi sóknarprestinn í embætti prests í svo breyttu prestakalli. Er því litið svo á að tillagan sé að miklu leyti í samræmi við það sem segir í umsögn safnaðanna og ályktun aukahéraðsfundarins um jöfnun á þjónustubyrði á svæðinu.

Með hliðsjón af þeim miklu hagsmunum sem í húfi eru er rétt að flytja mál þetta enda vart sjáanlegt að einhverjum hagsmunum kirkjunnar sé teflt í tvísýnu þótt þetta verði samþykkt. Þvert á móti er um framfaraskref í kirkjulegri þjónustu og starfsumhverfi að ræða eins og áður hefur komið fram.

IV. Framtíð prestssetursjarðarinnar Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd

Þótt hlutverki Saurbæjar sem prestsseturs ljúki með samþykkt tillögu þessarar verður jörðin Saurbær áfram í eigu kirkjunnar. Víða um land eru aflagðar prestssetursjarðir í eigu kirkjunnar. Þær hafa gjarnan verið leigðar út á almennum markaði, þar sem tillit er tekið til hagsmuna kirkjunnar í hvívetna í leigusamningi. Reynslan er sú að vel hefur verið hugsað um jarðirnar og húsakost þeirra og sums staðar verið lyft grettistaki hvað varðar ásýnd og umhirðu t.d. á Hálsi í Fnjóskadal. Er því engin ástæða til að hafa áhyggjur af framtíð Saurbæjar þótt tillaga þessi verði samþykkt.

V. Um einstakar greinar tillögunnar.

Um 1. gr.

Lagt er til að Saurbæjarprestakall verði lagt niður og að sóknir prestakallsins tilheyri eftirleiðs núverandi Garðaprestakalli, sem Akranessókn myndar. Lagt er til að heiti hins sameinaða prestakalls verði Garða- og Hvalfjarðarstrandarprestakall, m.a. í samræmi við hið fyrrum heiti sveitarfélagsins sem Saurbær tilheyrir.

Um 2. gr.

Lagt er til að tillagan öðlist gildi 30. nóvember 2018, í samræmi við 6. gr. starfsreglna um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.